

BORGARRÁÐ 29. október 2020: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bækling um Græna planið - R20100404

Inn um lúgur borgarbúa eru að berast litprentaður bæklingur útgefnir af Reykjavíkurborg upp á 64 bls. um Græna Plan borgarinnar og fasteignaþróunarverkefni. Borgarstjóri lætur sér ekki nægja að upplýsa borgarbúa, heldur sendir hann bæklinginn í nágrannasveitarfélög Reykjavíkurborgar. Þetta er brúðl að mati borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Vakin er athygli á því að borgin hefur nýlega farið í átak til að hvetja íbúa til að sniðganga pappírsbæklinga en borgin fer sjálf gegn eigin hvatningu með því að dreifa pappír inn um allar lúgur óumbeðin. Augljóst er að Reykjavíkurborg er komin langt út fyrir hlutverk sitt en það er ekki hlutverk Reykjavíkurborgar að auglýsa Græna planið, sem ekki er búið að samþykkja, og fasteignaverkefni á kostnað útsvarsgreiðenda. Í þessu samhengi mætti velta fyrir sér af hverju þeir sem eru að selja eldri fasteignir fái þá ekki sambærilega auglýsingu frá útsvarsgreiðendum. Þá hafa birst auglýsingar í fjölmiðlum vegna sama máls. Óskað er upplýsinga um hvar og hvenær ákvörðun um útgáfu þessa bæklings og auglýsinga var tekin? Hvaða fjárheimildir hafi legið fyrir ákvörðuninni. Fór gerð bæklingsins og dreifing í útboð? Hvað kostaði hönnun, prentun og dreifing bæklingsins? Hver var heildarkostnaður við vinnslu blaðsins og auglýsinga og í hverju fólst hann?